

Myndhöfundasjóður Íslands

Ársreikningur 2023

Myndhöfundasjóður Íslands
Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík
Kt. 540891-1419

Myndhöfundasjóður Íslands

Ársreikningur 2023

Efnisyfirlit

| | |
|----------------------------|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 1 |
| Áritun og skýrsla stjórnar | 3 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8 |

Áritun óháðs endurskoðanda

Til hluthafa og stjórnar Myndhöfundasjóðs Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Myndhöfundasjóðs Íslands fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2023, efnahag hans 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Myndhöfundasjóði Íslands. Í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Myndhöfundasjóðs Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalfafs, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningssskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 10. júní 2024.

Deloitte ehf.



Ásbjörn Björnsson
endurskoðandi

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi sjóðsins er fólgin í að annast hagsmunagæslu á sviði höfundarréttar og innheimta þóknarir fyrir notkun á höfundarétti ásamt því að innheimta fylgiréttargjöld vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni.

Þrjú starfsmenn störfuðu fyrir sjóðinn á árinu 2023 í hlutastörfum.

Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins var hagnaður til ráðstöfunar á árinu 2023 kr. 17.062.399. Eigið fé sjóðsins í árslok nam kr. 57.681.886. Á árinu 2023 úthlutaði sjóðurinn styrkjum að fjárhæð kr. 41.000.000.

Árið 2023 var ár breytinga hjá Myndstef. Nýr framkvæmdastjóri, Vera Sveinbjörnsdóttir lögfræðingur, hóf störf 1. janúar 2023 og nýr stjórnarformaður, Guðrún Erla Geirsdóttir, tók við á aðalfundi í júní 2023. Tveir stjórnarmenn kláruðu tímabil sín, þau Ragnar Th. Sigurðsson og Rósa Dögg Þorsteinsdóttir og tveir nýir stjórnarmenn tóku sæti í stjórn í þeirra stað, þau Pétur Thomsen, kosin af fulltrúaráði og Steinunn Hrólfsdóttir, tilnefnd af Miðstöð hönnunar og arkitektúrs.

Á aðalfundi samtakanna í júní 2023 var ákveðið að hefja stefnumótunavinnu og heildarendurskoðun á samþykktum félagsins. Fyrsta skrefið í þeim áfanga var að setja á fót sérstaka laganefnd, sem var skipuð til þess að endurskoða samþykktir, fyrst og fremst til þess að tryggja gagnsæi og skilvirkni en jafnframt tryggja samræmi við umsýslulög. Verða tillögur um breytingar á samþykktum kynntar á aðalfundi 2024.

Afkoman árið 2023 var talsvert góð í sögulegu tilliti og athyglisvert er að er að skoða innkomu samtakanna síðasta áratug, og sjá að innkoma réttindatekna hefur vaxið margfalt. Talsverð tekjuaukning varð vegna notkunar á myndverkum í kvikmyndum á árinu og skrifað var undir samningskvaðasamninga við fimm söfn.

Útborganir vegna réttindagreiðslna voru ársfjórðungslegar. Auk þess voru tvær styrkúthlutanir, annars vegar aukastyrkúthlutun í mars 2023, vegna niðurstöðu í svonefndu IHM gerðardómsmáli. Hins vegar hefðbundin styrkúthlutun, sem haldin var í nóvember 2023. Styrkúthlutanir námu 41 m.kr. og hafa aldrei verið hærrí í sögu Myndstefs.

Áfram var unnið að alþjóðasamstarfi og skrifað var undir samstarfssamning við DACS í Bretlandi. Þá heimsóttu starfsmenn systursamtök Myndstefs í Stokkhólmi, og áttu þar fund með öllum norrænu systursamtökunum. Á árinu var haldin IFFRO ráðstefna á vegum Fjölís og var Myndstef með erindi á ráðstefnunni. Í tilefni af þessari alþjóðlegu ráðstefnu bauð Myndstef öllum myndhöfundafélögum í heimsókn á Skólavörðustíginn til að styrkja sambandið við erlend systursamtök.

Myndstef hélt í félagi við STEF og fleiri höfundaréttarsamtök stóra ráðstefnu í Hörpu í október 2023 um gervigreind og höfundarétt og var ráðstefnan afar vel sótt. Einnig hélt Myndstef kynningar fyrir nokkur aðildarfélög og háskóla um höfundarétt.

Á árinu hófst undirbúningur vegna ágreiningsmáls innan IHM, á sviði kapalgeira. Fenginn var sáttamaður til starfa síðla árs, en sáttamaður hófst ekki handa fyrr en á árinu 2024 og liggur niðurstaða ekki fyrir enn. Hlutur Myndstefs er afar lítill á þessu sviði, en vonir eru bundar við að Myndstef fái aukinn hlut. Ef ekki næst samkomulag í kjölfar niðurstöðu sáttamanns eru líkur á að málið fari fyrir gerðardóm í framhaldi.



Áritun og skýrsla stjórnar

Þá var lögð talsverð vinna á árinu við innheimtu vegna fylgiréttar, en misbrestur hefur verið á því meðal einstaka endursöluaðila að skila inn skilagreinum og greiðslum á fylgiréttargjaldi til Myndstefs og því má telja víst að tækifæri sé fyrir auknar tekjur á sviði fylgiréttar ef eftirlit með endursöluaðilum er fylgt eftir.

Stjórn og framkvæmdastjóri Myndhöfundasjóðs Íslands staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Reykjavík 10. júní 2024

Framkvæmdastjóri:



Rekstrarreikningur 2023

| Rekstrartekjur | Skýr. | 2023 | 2022 |
|--|-------|---------------------|---------------------|
| Höfundaréttartekjur | 6 | 47.706.993 | 74.289.796 |
| Fylgiréttargjöld | 7 | <u>23.068.741</u> | <u>21.365.151</u> |
| Innheimt fyrir hlutdeild höfunda | | <u>70.775.734</u> | <u>95.654.947</u> |
| | | | |
| Hlutdeild höfunda | 6/7 | (22.876.648) | (17.995.922) |
| Tekjur eftir hlutdeild höfunda | | <u>47.899.086</u> | <u>77.659.025</u> |
| | | | |
| Rekstrargjöld | | | |
| Laun og launategnd gjöld | 3 | 23.052.776 | 22.337.734 |
| Annar rekstrarkostnaður | 8 | <u>10.775.165</u> | <u>15.164.704</u> |
| | | <u>33.827.941</u> | <u>37.502.438</u> |
| | | | |
| Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 14.071.145 | 40.156.587 |
| | | | |
| Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld | | | |
| Vaxtatekjur | | 3.435.105 | 376.896 |
| Vaxtagjöld | | (71.274) | (54.754) |
| Fjármagnstekjuskattur | | (739.142) | (81.283) |
| Fjármagnsliðir fylgiréttargjalda | | <u>366.565</u> | <u>67.013</u> |
| | | <u>2.991.254</u> | <u>307.872</u> |
| | | | |
| Hagnaður til ráðstöfunar | | 17.062.399 | 40.464.459 |
| | | | |
| Styrkveitingar | | | |
| Verkefnastyrkir | | (35.000.000) | (14.450.000) |
| Ferða- og menntunarstyrkir | | (5.000.000) | (2.550.000) |
| Aðrar styrkveitingar | | <u>(1.000.000)</u> | <u>(1.000.000)</u> |
| | | <u>(41.000.000)</u> | <u>(18.000.000)</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| Eignir | Skýr. | 2023 | 2022 |
|------------------------------------|--------------|-------------------|-------------------|
| Veltufjármunir | | | |
| Aðrar skammtímakröfur | | 278.000 | 278.000 |
| Eignir fylgiréttarsjóðs | | 21.079.328 | 15.388.165 |
| Handbært fé | | 64.649.327 | 84.270.082 |
| Veltufjármunir samtals | | <u>86.006.655</u> | <u>99.936.247</u> |
| Eignir samtals | | <u>86.006.655</u> | <u>99.936.247</u> |
| | | | |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | | | |
| Fylgiréttarsjóður | | 7.216.939 | 5.545.015 |
| Annað eigið fé | | 50.464.947 | 76.074.472 |
| Eigið fé samtals | 4 | <u>57.681.886</u> | <u>81.619.487</u> |
| Skuldir | | | |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Ógreidd höfundaréttargjöld | | 9.410.455 | 7.526.146 |
| Ógreidd fylgiréttargjöld | | 13.862.396 | 9.843.150 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 5.051.918 | 947.464 |
| Skammtímaskuldir samtals | | <u>28.324.769</u> | <u>18.316.760</u> |
| Skuldir samtals | | <u>28.324.769</u> | <u>18.316.760</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>86.006.655</u> | <u>99.936.247</u> |

Sjóðstreymi 2023

| Handbært fé frá rekstri | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|--------------|--------------|--------------|
| Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 14.071.145 | 40.156.587 |
| Hreint veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 14.071.145 | 40.156.587 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtímaerfur | | 0 | (144.987) |
| Skammtímaskuldir | | 10.008.009 | (4.892.437) |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | 24.079.154 | 35.119.163 |
| | | | |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 3.435.105 | 376.896 |
| Fjármagnsliðir fylgiráttargjalda | | 366.565 | 67.013 |
| Greidd vaxtagjöld | | (71.274) | (54.754) |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur | | (739.142) | (81.283) |
| Handbært fé frá rekstri | | 27.070.408 | 35.427.035 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | |
| Styrkveitingar ársins | | (41.000.000) | (18.000.000) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | (41.000.000) | (18.000.000) |
| | | | |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | (13.929.592) | 17.427.035 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 99.658.247 | 82.231.212 |
| Handbært fé í árslok | | 85.728.655 | 99.658.247 |
| | | | |
| Skipting handbærs fjár | | | |
| Fylgiráttarsjóður | | 21.079.328 | 15.388.165 |
| Myndhöfundasjóður | | 64.649.327 | 84.270.082 |

Skýringar

1. Upplýsingar um sjóðinn

Aðalstarfsemi Myndhöfundasjóðs Íslands er fólgin í að annast hagsmunagæslu á sviði höfundaréttar og innheimta þóknunar fyrir notkun á höfundarétti ásamt því að innheimta fylgiréttargjöld vegna endursölu listaverka í atvinnuskyni. Lögheimili sjóðsins er að Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur vegna höfundaréttar innanlands eru færðar til tekna við útgáfu reiknings. Erlendar höfundaréttartekjur, fylgiréttargjöld og aðrar tekjur eru færðar til tekna við greiðslu þeirra til sjóðsins eða þegar engin óvissa er um innheimtu þeirra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Laun og launatengd gjöld

| | 2023 | 2022 |
|-------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Laun | 18.039.970 | 18.345.311 |
| Launatengd gjöld | 4.512.806 | 3.492.423 |
| Aðkeypt þjónusta | 500.000 | 500.000 |
| Laun og launatengd gjöld alls | <u>23.052.776</u> | <u>22.337.734</u> |

Greidd voru laun til 2 starfsmanna í hlutastörfum en auk þess laun og verktakagreiðslur til 7 stjórnarmanna á árinu. Laun og verktakagreiðslur stjórnarmanna námu 2,7 millj kr.

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Fylgiréttar- sjóður | Annað eigið fé | Samtals |
|----------------------|------------------------|-------------------|-------------------|
| Eigið fé 1/1 | 5.545.015 | 76.074.472 | 81.619.487 |
| Afkoma ársins | 1.671.924 | 15.390.475 | 17.062.399 |
| Styrkveitingar | | (41.000.000) | (41.000.000) |
| Eigið fé 31/12 | <u>7.216.939</u> | <u>50.464.947</u> | <u>57.681.886</u> |

Skýringar

5. Kennitölur

Fimm ára yfirlit helstu lykiltalna:

| | 2023 | 2022 | 2021 | 2020 | 2019 |
|------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Höf.r.tekj. brúttó ... | 47.663.735 | 74.282.616 | 42.716.006 | 41.094.524 | 52.607.371 |
| Fylgir.tek. brúttó ... | 23.068.741 | 19.755.147 | 36.079.987 | 21.862.191 | 11.479.495 |
| Hagnaður | 17.062.399 | 40.464.459 | 20.984.711 | 24.151.801 | 29.294.550 |
| Styrkveitingar | (41.000.000) | (18.000.000) | (16.250.000) | (15.100.000) | (10.750.000) |
| Eigið fé | 57.681.886 | 81.619.487 | 59.155.028 | 54.420.317 | 45.368.516 |

Sundurliðanir

| | 2023 | 2022 |
|---|-------------------|-------------------|
| 6. Höfundaréttartekjur | | |
| Fjólís | 23.713.200 | 22.741.229 |
| IHM | 10.627.638 | 42.909.821 |
| Samningar með samningskvöð | 6.570.848 | 5.891.771 |
| Aðrir innlendir aðilar | 6.402.171 | 1.825.581 |
| Erlendar greiðslur | 349.878 | 914.214 |
| 80% hlutdeild Myndstefs | 43.258 | 7.180 |
| | <u>47.706.993</u> | <u>74.289.796</u> |
| Hlutdeild höfunda | (5.474.070) | (2.191.837) |
| | <u>42.232.923</u> | <u>72.097.959</u> |
| 7. Fylgiráttargjöld | | |
| Fylgiráttargjöld ársins innlend | 20.063.859 | 19.339.870 |
| Fylgiráttargjöld ársins erlend | 1.689.363 | 415.277 |
| Hlutdeild Myndstefs vegna höfunda 80% | 1.315.519 | 1.610.004 |
| | <u>23.068.741</u> | <u>21.365.151</u> |
| Hlutdeild höfunda | (17.402.578) | (15.804.085) |
| | <u>5.666.163</u> | <u>5.561.066</u> |
| 8. Annar rekstrarkostnaður | | |
| Lögfræðipjónusta/innheimta | 1.570.752 | 6.645.330 |
| Endurskoðun og reikningsleg aðstoð | 2.395.401 | 2.138.442 |
| Bókhaldspjónusta | 1.296.444 | 1.183.394 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 267.000 | 0 |
| Tölvukostnaður og forrit | 348.465 | 416.745 |
| Húsaleiga | 2.240.908 | 2.268.434 |
| Annar rekstrarkostnaður fasteigna | 286.656 | 142.922 |
| Sími, Internet og póstburðargjöld | 284.152 | 363.171 |
| Gjaldfærð áhöld og tæki | 366.702 | 114.871 |
| Annar skrifstofukostnaður | 143.353 | 286.969 |
| Ferðakostnaður | 200.297 | 422.844 |
| Gjafir og styrkir | 72.960 | 11.980 |
| Auglýsingar | 1.054 | 69.399 |
| Starfsmannakostnaður | 293.253 | 375.626 |
| Nefndarlaun | 600.000 | 450.000 |
| Fundakostnaður | 275.021 | 194.615 |
| Tryggingar | 25.462 | 23.273 |
| Annar kostnaður | 107.285 | 56.689 |
| | <u>10.775.165</u> | <u>15.164.704</u> |

Yfirlit vegna fylgiréttargjalda

| | 2023 | 2022 |
|---|-------------------------|-----------------------|
| Uppruni fjár | | |
| Fylgiréttargjöld sbr. rekstrarreikning..... | 5.666.163 | 5.561.066 |
| Vaxtatekjur ársins | 469.957 | 85.915 |
| | <u>6.136.120</u> | <u>5.646.981</u> |
| | | |
| Ráðstöfun fjár | | |
| Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur..... | 113.552 | 46.822 |
| Þóknun Myndstefs..... | 4.350.644 | 3.951.029 |
| Styrkir..... | 0 | 1.000.000 |
| | <u>4.464.196</u> | <u>4.997.851</u> |
| | | |
| Breyting eign fjár sbr. skýr nr. 4 í ársreikningi..... | <u>1.671.924</u> | <u>649.130</u> |
| | | |
| Til ráðstöfunar | | |
| Handbært fé 31/12..... | 21.079.328 | 15.388.165 |
| | <u>21.079.328</u> | <u>15.388.165</u> |
| Ógreitt sérgreindum höfundum..... | (13.862.389) | (9.843.150) |
| | <u>7.216.939</u> | <u>5.545.015</u> |